

Mál nr. 442/2021**M og****V vegna Ábyrgðartryggingar atvinnurekstrar X****Skaðabótaábyrgð. Ábyrgð fasteignareigenda. Sönnun.****Gögn.**

Málskot móttakið 6. desember 2021, ásamt fylgiskjölum.

Bréf V dags. 7. desember 2021 ásamt fylgiskjölum.

Viðbótarathugasemdir M dags. 10. desember 2021 ásamt fylgiskjali.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að hinn 21. júní 2019 hafi M slasað sig á gangstétt fyrir framan verslunarhúsnæði X. Nánar tiltekið hafi hún rekið tanna í mishæð á gangstéttinni og fallið með þeim afleiðingum að hún varð fyrir líkamstjóni. Á grundvelli þessa krafðist M, með bréfi dags. 12. apríl 2021, bóta úr ábyrgðartryggingu X hjá V. V hafnaði kröfunni með bréfi dags. 1. júní 2021. Í málskoti byggir M á því að X beri ríka ábyrgð á aðstæðum við húsnæðið og hvíli á því skylda til að tryggja öryggi þeirra sem eigi þar leið um. Mishæðin hafi verið í eðlilegri gönguleið viðskiptavina og ekki hafi verið varað við henni með neinum hætti. Vísar M til dómafordæma og ákvæða byggingarreglugerðar nr. 112/2012 máli sínu til stuðnings. Þá hafi Y, starfsmaður X, sem hafi verið viðstaddur er slysið átti sér stað, tjáð M að lagfæringa væri þörf á gangstéttinni, en ekki liggi fyrir hvort viðgerðir sem að sögn Y hafi verið ráðist í síðan hafi náð til umræddrar mishæðar. Tjón M sé því að rekja til saknæmrar háttsemi X og telji V eitthvað óupplýst hvað varði aðstæður á slysstaði þáð X nær að tryggja sér sönnun hvað það varðar. Í bréfi V til nefndarinnar kemur fram að samkvæmt fyrirliggjandi ljósmyndum verði ekki séð að nein mishæð sé í stéttinni. X kveðst ekki hafa haft vitneskju um mishæð í stéttinni og engar breytingar hafi verið gerðar á henni eftir slys M. Y lýsi atvikum þannig að M hafi gengið á undan honum út og hafi hún rekið tanna í gangstéttina og skolið harkalega í jörðina. Y kannist hins vegar ekki við að misfella hafi verið í gangstéttinni. Þar sem ekki sé sýnt fram á að slysið sé að rekja til saknæmrar og ólögmætrar háttsemi X, starfsmanna þess, eða annarra atvika sem X beri ábyrgð á er bótaskylda því hafnað. Með viðbótarathugasemdum M til nefndarinnar fylgdi yfirlýsing Z, dóttur M sem var með henni umræddan dag, varðandi það að Y hefði, á slysdegi, tjáð M og Z að fyrir umræddan atburð hefði komið til tals að þörf væri á að lagfæra umrædda mishæð, eða nibbu, á gangstéttinni.

Álit.

Til þess að bótaskylda sé fyrir hendi úr ábyrgðartryggingu X þarf að mega rekja tjón M til saknæmra athafna eða athafnaleysis af hálfu þess eða aðila sem það ber ábyrgð á og sönnunarbyrðin hvað það varðar hvílir á M. Atvikalýsing M er sú að hún hafi dottið um misfelli í gangstéttinni og verði að meta M það til sakar að umrædd misfella hafi verið til staðar og ekki varað við henni með neinum hætti. Fyrir nefndinni liggja ljósmyndir af umræddri gangstétt, en ekki liggur fyllilega fyrir hvenær þær voru teknar eða nákvæm staðsetning meintrar mishæðar. Af þeim ljósmyndum sem fyrir liggja verður þá ekki séð að á hellulögninni sé nein greinileg mishæð. Gegn neitun X verður þá ekki byggt á því að ráðist hafi verið í viðgerðir á hellulögninni eftir 21. júní 2019. Þar sem M hefur ekki sýnt fram á að aðstæður á vettvangi á slysdegi hafi verið með þeim hætti að leitt hafi til slyssins er greiðsluskylda því ekki fyrir hendi úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt til bóta úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík, 15 febrúar 2022.

Þóra Hallgrímsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir